

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

195. fundur Skipulags- og umhverfissráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn **7. apríl 2011 kl. 17:00** í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, Hvammstanga.

Dagskrá :

1. Erindi Kristins Ragnarssonar f.h. Róberts J. Jack.
2. Erindi Reimars Marteinsonar f.h. Kaupfélags Vestur Húnavetninga.
3. Erindi frá Sveitarstjóra.
4. Erindi Auðbjargar K. Magnúsdóttur
5. Skipulagsmál.

Tekið á dagskrá:

6. Erindi Sólveigar Eiðsdóttur.
7. Erindi Gunnars Þorvaldssonar.

Afgreiðslur:

Samþykkt að dagskrá fundarins breytist þannig að dagskrárliður 5 verði 1. dagskrárliður.

1. Farið yfir tillögu frá Landmótun að deiliskipulagi austan Norðurbrautar á Hvammstanga. Skólastjóri Grunnskóla Húnaþings vestra var boðaður á fundinn til viðræðna um aðgengismál við skólann. Sigurður vék af fundi eftir þennan dagskrárlið.
2. Kristinn Ragnarsson sækir um f.h. Róberts J. Jack kt.150948-2749 leyfi til að breyta hlöðu fastanr. 213-4280 á jörð sinni Geitafelli úr fyrri notum í veitingaaðstöðu sbr. meðfylgjandi teikningar A101 dags. 09.03.2011 frá Kristni Ragnarssyni arkitekt. Skipulags- og umhverfissráð samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn. Ráðið gerir athugasemd við að framkvæmdir séu hafnar áður en sótt hefur verið um byggingarleyfi. Byggingarfulltrúa er falið að kalla eftir fullnægjandi gögnum og fylgja málinu eftir.
3. Reimar Marteinson f.h. Kaupfélags Vestur Húnavetninga kt. 680169-1879 sækir um leyfi til að klæða að utan suður og austurhliðar á gamla frystihúsi Kaupfélagsins auk þess að setja þrjá nýja glugga á suðurstafn og breyta útihurðum sbr. meðfylgjandi gögnum. Ráðið samþykkir erindið.
- 4.a Erindi frá sveitarstjóra. Sveitarstjóri fyrir hönd Húnaþings vestra sækir um framkvæmdarleyfi fyrir byggingu torgs á árbakkanum sunnan verslunar KVH sbr. meðfylgjandi teikningar sem gerðar eru af Jóni R. Benjamínssyni. Ráðið bendir á að huga verði að aðgengismálum og samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn.
- 4.b Erindi frá sveitarstjóra. Sveitarstjóri fyrir hönd Húnaþings vestra sækir um byggingarleyfi fyrir grillhúsi á lóð þjónustuhúss í Kirkjuhvammi Landnr. 197459, skv. m.f. teikningum dags. 07.04.2011 frá Tæknideild Húnaþings vestra. Ráðið samþykkir erindið.

5. Auðbjörg K. Magnúsdóttir kt. 021269-5819 sækir um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við íbúðarhús sitt að Grænahvammi fastanr.213-4176 einnig er sótt um leyfi til að rífa hluta eldra húss. Teikningar eru gerðar af Hauki Árnasyni byggingatæknifræðingi. Ráðið samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn.

Tekið á dagskrá:

6. Sólveig Eiðsdóttir kt.190164-4709 og Helgi Þór Kristjánsson kt.100471-5669 sækja um leyfi til að staðsetja 7,4 m² gróðurhúsi á lóð sinni að Melavegi 14 Hvammstanga skv. m.f. gögnum. Byggingarfulltrúa falið að afgreiða málið þegar samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóða liggur fyrir.
7. Gunnar Þorvaldsson kt. 120255-0029 og Gréta Jósefsdóttir kt.210255-5759 sækja um leyfi til að rífa eftirtaldar byggingar, fjós mhl.04, fjárhús með áburðark.mhl.05, bogaskemma mhl.10. Ráðið samþykkir erindið.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:35

Víglundur Gunnþórsson (sign),
Guðjón Þórarinn Loftsson (sign),
Anna María Elíasdóttir (sign),
Unnsteinn Ó. Andrésson (sign),
Erla B.Kristinsdóttir (sign),
Ólafur H.Stefánsson forstöðumaður tæknideildar (sign).
Benjamín Kristinsson byggingarfulltrúi (sign),
Pétur Arnarsson slökkviliðsstjóri (sign),